



Skóla- og frístundaráð

Fyrirspurn um lóð leikskólans Hamra og ófrágengnar lóðir leik- og grunnskóla - Tilvísun í mál SFS2018110076.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hvers vegna ekki hefur verið gengið frá lóð leikskólans Hamra við Hamravík í Grafarvogi. Færanlegur skúr var á lóð leikskólans og var hann fjarlægður 15. júlí 2018. Ekkert hefur gerst á lóðinni síðan þá og stendur hún ófrágengin. Fulltrúarnir vekja athygli á því að ótækt er að lóðir þar sem börn eru að leik séu ófrágengnar í marga mánuði enda er það verið að bjóða hættunni heim. Eins þá óska fulltrúar Sjálfstæðisflokks eftir upplýsingum um það hversu margar lóðir leik- og grunnskóla séu ófrágengnar."

Svar:

Færanlegt hús sem stóð á lóð leikskólans Hamra við Hamravík var fjarlægt af lóðinni sl. sumar. Þegar að húsið hafði verið fjarlægt af lóðinni var það svæði girt af.

Óskað var eftir hugmyndum leikskólastjóra um frágang á svæðinu en venja er að lóð sé skilað í því horfi sem var áður en færanlegt hús er sett niður.

Fram kom ósk um að þarna kæmi lítill sparkvöllur með gervigrasi. Sú hugmynd var verðmetin og samþykkt (20. ágúst 2018). Síðar (23. ágúst 2018) var svo óskað eftir að settur verði leik-kastali á svæðið þar sem stofan stóð og fallið frá hugmynd um sparkvöll. Að auki yrði leiksvæði norðan við svæðið þar sem stofan stóð endurgert. Sú hugmynd var verðmetin og var niðurstaða þess að óska þurfi eftir viðbótarfjármagni þar sem kostnaður við kastalann og endurgerðin var áætlaður um tvöfaldur meiri en áætlaður kostnaður við sparkvöllinn (7. september). Endanleg niðurstaða lá svo fyrir þann 28. september þegar að fjármagn var tryggt. Ekki tókst að fá verktaka til að ganga frá svæðinu á árinu 2018. Svæðið þar sem húsið stóð var lagfært til bráðabirgða og girðing fjarlægð í desember 2018.

Áætlað er að gengið verði frá svæðinu með nýjum leik-kastala sumarið 2019.

Eins og áður segir þá er venja að lóð sé skilað í því horfi sem hún var áður en færanlegt hús er sett niður. Ekki er vitað til þess nokkur svæði á lóðum leik- eða grunnskóla séu ófrágengin þegar að fjarlægðar hafa verið af þeim færanlegar stofur.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ámundi Brynjólfsson'. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds